



Þörungaverksmiðja hefur verið starfrækt á Reykhólum frá 1976.

Þar er jarðhiti og 150 manna þorp sem og nýuppgerð höfn. Árlega er slegið um 15.000 tonn af klóþangi og um 5 tonn af hrossaþara. Verksmiðjan veitir um 30 manns vinnu árlega; verka- og iðnaðarmönnum, skipstjórnar- og háskólaþólki. Fjörur jarða eru slegnar á 4-5 ára fresti og greitt er auðlindagjald bæði til bænda og ríkisins, sem og heitavatnsgjald. Hafrannsóknir hafa áætlað að taka megi um 40.000 tonn af lífmassa klóþangs árlega í firðinum. Reksturinn hefur gengið vel að undanfögnu og ríkulega hefur verið fjárfest í endurnýjun og uppfærslum. Rannsóknir og vöruþróun hafa einnig verið kostaðar. Miklar kröfur eru gerðar um hreinlæti, sjálfbærni, öryggi,



stöðuga þjálfun og varúð gangvart lífríki, hollustu matvæla og lífræna vottun fyrir evrópskan og amerískan markað. Þörungamjöl nýtist í matvæla- lyfja og textíliðnaði auk landbúnaðar.



vörunar verða boðnar á innlendum og erlendum markaði. Algalcloister @gmail.com

Árið 2018 var stofnað litið úrvinnslufélag á Reykhólum, **Þörungaklaustrið** (AlgalCloister ltd) og hefur það að markmiði að vinna nýjar vörur úr þeim sjávargróðri sem kemur á land á Reykhólum. Nú eru í þróun annars vegar safi sem notaður er í græðandi húðvörur og hins vegar þykkni sem notað er til að efla uppskeru í gróðurhúsaræktun. Báðar



Árið 2022 var einnig stofnuð Þörungamiðstöð Íslands á Reykhólum. Þar er að koma aðstaða fyrir rannsóknir og vöruþróun frumkvöðla Einnig er fyrir séð að þar verði aðstaða til fræðslu, kennslu og rannsókna til að fylgjast með auðlindinni og umhverfinu. Samvinna er við MATÍS, Háskóla Íslands, Hólahásakóla og Hafrannsóknarstofnun.